



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2021

2102053SA KB  
Málalykill: 04.11

### **Efni: Umsögn um fyrirhugaðar breytingar á aðalnámskrá leikskóla, S-33/2021.**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 3. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögur að breytingu á aðalnámskrá leikskóla.

Eins og fram kemur í samráðsgátt er tilefni breytinganna mótun menntastefnu til ársins 2030 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með breytingum sem lagðar eru til verður almenn umfjöllun um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá leikskóla aukin, boðuð frekari áhersla á móttöku fjöltyngdra barna og að efla almenna málörvun, máltöku, fjöltyngi og næmi fyrir tungumálum almennt.

### **Afstaða sambandsins**

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 kemur fram að sambandið hvetji ríki og sveitarfélög til þess að huga sérstaklega að skólagöngu barna með íslensku sem annað tungumál í góðu samstarfi við foreldra og frjáls félagasamtök. Sérstök áhersla verði lögð á aðgengi allra barna að íslenskunámi, stuðning við móðurmál og virka þátttöku í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi frá leikskólaaldri. Sambandið tekur því undir að mikilvægt er að leikskólar mæti þörfum barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og að aðalnámskrá leikskóla taki mið af þörfum barna með annað móðurmál en íslensku.

Þó bendir sambandið á að breytingar á aðalnámskrá skila litlu einar og sér og nauðsynlegt er að ráðast í aðgerðir til að fylgja þeim eftir. Sambandið hvetur því ráðuneytið til að fylgja eftir tillögum starfshóps, sem settur var á fót af mennta- og menningarmálaráðherra, og skilaði í maí 2020 drögum að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Mikilvægt er að skilgreina aðgerðir, ábyrgð og fjármögnun svo hægt sé að koma tillögum skýrslunnar til framkvæmda.

Samfélagið hefur breyst umtalsvert frá því aðalnámskrá leikskóla tók gildi árið 2011, eins og t.d. Reykjavíkurborg bendir réttilega á í umsögn sinni, og því tímabært að endurskoða hana í heild sinni. Þá kallar þingsályktunartillaga um menntastefnu til 2030 sem og útkomin skýrsla með tillögum um styrkingu leikskólastigsins einnig á endurskoðun, en skýrslunni er í nokkrum tillögum lögð til endurskoðun ákveðinna kafla í námskránni. Það er því von sambandsins að farið verði í markvissa vinnu við heildarendurskoðun aðalnámskrárinnar og að sambandið eigi aðild að þeirri vinnu frá upphafi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri